



Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Sjálfsmatsskýrsla

Fjölbrautaskólans

í Garðabæ

Skýrsla um

Sjálfsmat FG

2021 - 2022

Unnin haustið 2022

-rafræn útgáfa-

EFNISYFIRLIT

BLS.

1. INNGANGUR	1
2. MAT Á SKÓLASTARFI	1
3. MARKMIÐ	2
4. SKÓLANÁMSKRÁ FG	4
5. YFIRLIT SJÁLFSMATS	4
5.1. Námsárangur	7
5.2. Kennslukannanir meðal nemenda	9
5.3. Viðhorf nemenda	11
5.4. Starfsmannasamtöl	12
5.5. Líðan starfsmanna	12
5.6. Öryggi á vinnustað	12
5.7. Forvarnir	12
5.8. Próf og prófagerð	13
5.9. Námsáætlanir	13
5.10. Kennslukerfi í INNU	14
5.11. Endurmenntun kennara	14
5.12. Umsjónarkerfið	16
5.13. Úttekt á deild	16
5.14. Mat á starfi stjórnenda	21
5.15. Mat á starfsemi bókasafns	21
5.16. Mat á þjónustu	22
5.17. Námsráðgjöf	23
6. LOKAORÐ	25

1. INNGANGUR

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG) var formlega stofnaður 1. ágúst 1984. Aðdragandi að stofnun skólans var nokkur, en árið 1978 voru stofnaðar framhaldsdeildir við Garðaskóla og nefndar Fjölbrautir Garðaskóla. Nemendur gátu lokið tveggja ára námi en urðu síðan að leita til annarra skóla. Framhaldsdeildunum óx fiskur um hrygg, því frá því að vera með um 180 nemendur stunda nú um 750 nemendur nám við skólann.

Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla og er áfangaskóli. Auk almennra markmiða leitast Fjölbrautaskólinn í Garðabæ við að vera virkt afl í menningarlífi Garðabæjar. Skólinn hefur allengi verið í nánu samstarfi við Garðaskóla um fyrirkomulag sveigjanlegra skólaskila og í þeim tilgangi að efla þessi tengsl og bæta við öðrum skólum í nærumhverfinu sem nú bjóða upp á kennslu í 10. bekk hafa fundir verið haldnir og samræða kennara milli skólastiga hefur eflst. FG býður stjórnendum og kennurum elstu bekkja í grunnskólum bæjarins til samráðsfundar annað hvert ár við stjórnendur og kennara í skólanum. Samstarf er í gangi við leikskóla og grunnskóla bæjarins m.a. í formi kennslu nemenda á íþróttabraut á leikskólastiginu og síðan hafa nemendum grunn- og leikskóla verið boðið á leiksýningu nemenda á leiklistarbraut. Nemendur á leiklistarbraut hafa verið í samstarfi við eldri borgara í áfanganum „Betra samfélag“. Kennarar í FG hafa verið með erindi á svokölluðum Menntadegi fyrir kennara grunnskólanna í Garðabæ.

Starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ er mótuð í samræmi við stefnuskrá skólans. Hún er birt á [heimasíðu skólans](#). Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ er tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili. Endurskoðun stefnuskrárinnar er í höndum samráðsfundar stjórnenda, kennarafundar, skólaráðs og skólanefndar.

2. MAT Á SKÓLASTARFI

Í 40. gr. VII. kafla laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla er ákvæði um mat á skólastarfi og eftirlit með gæðum. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla. Samkvæmt lögnum skulu framhaldsskólar innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Þeim er í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Sjálfsmatsskýrslur FG eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati (41. gr.) er átt við sjálfsmat stofnunar, þ.e. metið er með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins, unnið af starfsmönnum hennar og ýmsum öðrum sem tengjast starfseminni. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus ehf að gera úttekt á starfsemi skólans árið 2013. Lokaskýrsla þeirrar úttektar er birt á [heimasíðu skólans](#). Ný úttekt var gerð á vorönn 2019 og má sjá niðurstöðu hennar hér: https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttektr/fjolbrautaskolinn_i_gardabae_19.pdf.

Í framhaldinu var unnin umbótaáætlun sem má sjá hér: <https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttektr/endurskodud-umbotaaetlun-jan-2020-vegna-ytra-mats.pdf>. Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólanámskrám.

Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur að úrbótum.

Í skólanum eru gerðar margvíslegar kannanir meðal nemenda og starfsmanna þar sem spurt er um ýmislegt sem varðar kennsluna, líðan nemenda, stjórnunarhætti í skólanum og hugmyndafræði hans, aðbúnað nemenda og starfsmanna, álit nemenda og kennara á námsáföngum sem kenndir eru, árangur skólastarfsins svo og traust og ánægju hagsmunaaðila. Heildarniðurstöður allmargra þessara kannana hafa birst í sjálfsmatsskýrslum fyrri ára og einnig nú. Sjálfsmatsskýrslur hafa verið gefnar út og settar á heimasíðuna.

Skýrt skal tekið fram að í þessari sjálfsmatsskýrslu eru aðeins helstu niðurstöður sem fram komu við úrvinnslu þeirra gagna sem sjálfsmatið tekur til.

3. MARKMIÐ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er áfangaskóli sem býður upp á fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi sem getur þjónað ólíkum þörfum ungs fólks. Námsframboð er í sífelltri endurskoðun og frá hausti 2019 var bætt við þremur sviðum á alþjóðabraut og þremur sviðum á hönnunar- og markaðsbraut. Boðið er upp á eftirtaldar námsbrautir: Bóknámsbrautir til stúdentsprófs: **alþjóðabraut** með fimm mismunandi sviðum (alþjóðasamskiptasviði, menningarsviði, viðskiptasviði, list- og verkgreinasviði og íþróttasviði); **félagsvísindabraut**; **hönnunar- og markaðsbraut** með þremur mismunandi sviðum (hönnunarsviði, markaðssviði og fata- og textílsviði); **náttúrufræðibraut** með tveimur mismunandi sviðum (heilbrigðissviði og tæknisviði) og **viðskiptabraut**. Auk þess býður skólinn upp á tvær sérhæfðar brautir til stúdentsprófs: **íþróttabraut** og **listnámsbraut** með fjórum mismunandi sérhæfðum áherslum (fata- og textílhönnunarsviði, leiklistarsviði, myndlistarsviði og tónlistarsviði í samvinnu við tónlistarskóla).

Auk ofantaldra brauta eru styttri brautir í boði, menntabraut og framhaldsskólabraut.

Öflug **sérnámsbraut** er starfandi við skólann, [námskrá brautarinnar](#).

Það er markmið skólans að bjóða nemendum upp á bestu þjónustu sem völ er á og fyrsta flokks nám óháð getu hvers og eins. Markmiðum sínum hyggst skólinn ná með öflugum, vel menntuðum og samstíga kennarahópi, jákvæðu starfsfólki og nemendum sem kosið hafa að stunda hér nám.

Samkvæmt talningu skólans voru 801 nemendur á haustönn 2021, 752 á miðönn og 740 á vorönn 2022. Inni í þessum tölum eru dagskólanemendur og fjarnámsnemendur. Á meðfylgjandi töflu má sjá samanburð á fjölda nemenda í skólanum frá haustönn 2009:

Önn	Dagskóli	Fjarnám	Leikskólabraut	Samtals
2009-2	706	170	46	922
2010-1	662	137	38	837
2010-2	711	140	39	890
2011-1	716	165	36	881
2011-2	734	127	27	888
2012-1	691	115	20	806
2012-2	745	161	26	932
2013-1	665	116	21	802
2013-2	728	193	30	951
2014-1	678	160	28	866
2014-2	766	171	58	995
2015-1	669	158	42	869
2015-2	698	173	53	924
2016-1	633	212	51	896
2016-2	736	140	41	917
2017-1	670	128	38	836
2017-2	722	105	23	850
2018-1	659	101		760
2018-2	725	68		793
2019-1	634	82		716
H 2019	722	69		781
M 2019-20	652	57		709
V 2020	641	97		738
H2020	738	79		817
M 2020-21	698	99		797
V 2021	680	99		783
H2021	745	56		801
M 2021-22	687	65		752
V2022	665	75		740

4. SKÓLANÁMSKRÁ FG

Námsbrautir í boði í FG eru birtar á [heimasíðu skólans](#). Frá og með hausti 2015 byggir námið í skólanum á 202 einingum til stúdentsprófs.

Skólanámskrá endurspeglar það sem fram fer og stefnt er að í skólastarfi. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að þeir, sem skólastarfið snýst um, séu með í ráðum. Kennarar einstakra námsgreina hafa töluvert svigrúm til að setja mark sitt á áfanga. Forvarnafulltrúi þarf að vera leiðandi í stefnumörkun og framkvæmd forvarnastarfsins. Sjónarmið nemenda þurfa að fá hljómgrunn í öllum þáttum skólastarfsins. Skólanámskráin þarf að vera í stöðugri endurskoðun til þess að hún sé raunhæf og gagnleg lýsing á skólastarfinu.

Gildandi námskrá er á [heimasíðu skólans](#)

STARFSLÝSINGAR

Starfslýsingar eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Mikilvægt er að starfslýsingar hverju sinni endurspegli þau verkefni sem starfsmenn inna af hendi. Þær eru því í stöðugri endurskoðun og eru breytingar settar inn eftir því sem við á.

5. YFIRLIT SJÁLFSMATS

Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráðið fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, skrifstofustjóri, 2 kennslustjórar, 2 náms- og starfsráðgjafar og félagsmálafulltrúi. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem eru hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deliberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluaðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum á um kennslumatið.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar níu sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir telja æskilegar eða vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Mikilvægt er að kennarar jafnt sem stjórnendur átti sig á þeim tækifærum sem slíkar úttektir gefa og nýti sér niðurstöður þeirra til hagsbóta fyrir gott skólastarf.

Sjálfsmatsáætlun 2021-2022

Á skólaárinu 2021 - 2022 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins

Allmargir matsþættir hafa skapað sér fastan sess, mat hvers þáttar fer fram á hverri önn, á hverju ári eða með lengra millibili. Enn aðrir eru í stöðugu matsferli enda beina þeir sjónum sínum að þáttum eins og líðan starfsmanna, öryggi á vinnustað og forvarnamálum. Enn fleiri þættir skólastarfsins eru teknir út reglulega í þeim tilgangi að hafa heildarsýn yfir starfsemi skólans. Mikilvægi þess fyrir skólann og starfsmenn hans er augljóst enda koma mjög margir að þeirri vinnu. Má þar sem dæmi nefna kerfi við mannaráðningar, úttekt á einni námsgrein sérstaklega, formlegri kennslukönnun í öllum áföngum og svo eru margir kennarar með eigin kannanir í sínum áföngum. Slíkar kannanir hafa kennarar lengi lagt fyrir nemendur sína án þess að slíkt hafi sérstaklega verið tilgreint í sjálfsmatsskýrslum enda þjóna slíkar kannanir fyrst og fremst hverjum áfanga fyrir sig.

Eins og fram kemur hér á eftir eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða kennslustjóra og annarra stjórnenda.

Helstu matsþættir:

- **Námsárangur.** Einkunnir hvers áfanga eru skoðaðar m.t.t. einkunnayfirlits síðustu anna. Kennslustjórar skoða niðurstöður úr sínum deildum ásamt kennurum áfanga hverju sinni. Niðurstöður ræddar á fagfundum í deildum. Heildarniðurstöður námsárangurs koma m.a. fram í ræðu skólameistara við skólaslit. Allir nemendur skólans eru hér skoðaðir. Sérstök áhersla verður lögð á að kennslustjórar skoði niðurstöður námsárangurs samhliða skýrslum kennara með það í huga að bæta starfið enn frekar. Kennslustjórar skila skýrslu til verkefnisstjóra í lok skólaárs.
- **Kennslukönnun – mat á kennslu.** Á annarri hverri önn er lögð fyrir nemendur rafræn könnun um námsefni, kennsluhætti, undirbúning kennara og almennt mat þeirra á hverjum þeim áfanga sem þeir eru skráðir í. Nemendur svara spurningum í INNU. Spurningar eru bæði í formi krossaspurninga og opinna spurninga. Niðurstöður könnunarinnar berast skólameistara og aðstoðarskólameistara og býðst öllum kennurum að fara í viðtal til þeirra um niðurstöðurnar.
- **Viðhorf nemenda.** Á haust- og miðönn eru haldnir opnir fundir á sal skólans fyrir alla nemendur. Þar sitja stjórnendur skólans og stjórn nemendafélagsins fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur til úrbóta og nýjar hugmyndir. Slíkir fundir hafa verið haldnir í allmörg ár og margar nýjungar í skólastarfinu hafa byggt á hugmyndum frá þessum fundum. Fundargerðir opinna funda eru settar á heimasíðu skólans. Vegna covid-19 hefur fundahald opinna funda riðlast.
- **Starfsmannasamtöl.** Reglulega fara fram starfsmannasamtöl. Markmið þeirra er að athuga líðan starfsmanna og farið verður í gegnum nýjar hugmyndir og tillögur sem bæta skólastarfið. Samtölin eru boðuð fyrirfram og uppbygging er á sérstökum blöðum sem dreift er áður. Úrvinnsla er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólameistari kynnir helstu

niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf. Verkferill liggur fyrir sem skerpur á uppbyggingu og tilgangi samtalanna.

- **Líðan starfsmanna.** Auk starfsmannasamtalanna er á verkefnalista ýmissa starfsmanna að vera vakandi yfir þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Má þar nefna stjórnendur, öryggisnefnd, stjórn starfsmannafélagsins og fleiri. Yfirgripsmikil könnun er gerð árlega á vegum VR/SFR.
- **Öryggi á vinnustað.** Sérstök öryggisnefnd er við skólann sem starfar eftir lögum um slíkar nefndir. Helsta verkefni hennar er að vera vakandi yfir öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Nefndin kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á. Ef einhverjum þáttum er ábótavant koma tillögur frá öryggisnefnd um úrbætur, framkvæmd er síðan undir stjórn skólameistara.
- **Forvarnamál.** Forvarnafulltrúi ásamt forvarnateymi stýrir forvarnamálum í víðasta skilningi þess orðs. Viðvera á dansleikjum og öðrum viðburðum sem haldnir eru í nafni skólans ásamt skipulagning sérstakra viðburða í nafni forvarna eru helstu verkefni. Forvarnafulltrúi er í góðu sambandi við forvarnafulltrúa annarra framhaldsskóla og fundar árlega með þeim. FG er heilsueflandi framhaldsskóli. Forvarnateymi fundar hálfsmánaðarlega og í lok skólaárs skilar forvarnafulltrúi skýrslu um starfsemi skólaársins.
- **Próf og prófagerð.** Unnið er eftir verkferlum sem tryggja eiga aukin gæði. Þegar lokapróf er tilbúið til ljósritunar hefur það farið í gegnum samningu, faglegan yfirlestur og í boði er að láta íslenskulesa ef vill. Með þessum verkferlum er auðveldara að grípa inn í og lagfæra próf áður en til próftöku kemur. Áfangastjóri hefur yfirumsjón með prófum en kennslustjóra stýra vinnunni í hverri deild fyrir sig. Úttekt var síðast framkvæmd vor 2018. Prófaferlið er rætt og endurskoðað á hverju skólaári.
- **Námsáætlanir.** Í fyrstu kennsluviku hvernar annar eiga allar námsáætlanir að vera tilbúnar. Þær eru birtar í kennslukerfi Innu. Samræmi er í uppsetningu og þess gætt að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram á námsáætluninni. Yfirumsjón er í höndum verkefnastjóra og kennslustjóra. Úttekt var síðast framkvæmd vor 2018. Sífelld endurskoðun fer fram um hvað skuli koma fram í námsáætlunum og mikilvægi þeirra til að fylgjast með námsframvindu.
- **Kennslukerfi í INNU.** Einn liður í því að bæta námsumhverfi nemenda, efla ólíka kennsluhætti og geta þannig mætt þörfum einstakra nemenda enn betur, er notkun kennslukerfisins í INNU. „Turnitin“ tenging við INNU var tekin í notkun á haustönn 2018. Þetta hjálpar kennurum og nemendum við að fylgjast með hvort verið er að nýta heimildir orðrétt í ritsmíðum. Kennarar hafa verið hvattir til að nota námskerfið í öllum áföngum. Sífelld endurskoðun fer fram á kerfinu.
- **Endurmenntun kennara.** Áhersla á endurmenntun kennara er í stefnuskrá skólans.
- **Umsjónarkerfi / ástundun nemenda.** Umsjónarkennarar hafa víðtækt hlutverk sem hefur verið í þróun síðustu ár. Nemendur mæta í umsjónartíma þar sem er m.a. uppfærður námsferill og allar orðsendingar til nemenda eiga greiða leið í gegnum þessa tíma. Fylgst er með ástundun og mætingu, farið í gegnum miðannarmat og fleira sem skiptir máli í vinnu nemenda í skólanum. Nýnemum er raðað í sérstaka umsjónarhópa, umsjónarkennarar þeirra sjá jafnframt um kennslu hópans í lífsleikni á fyrstu önn. Hóparnir haldast síðan í 2 ár. Á þriðja ári hitta nemendur áfangastjóra sem fer yfir námsferla þeirra og á síðustu önn fara nemendur í umsjón til aðstoðarskólameistara.

- **Úttekt á einstökum námsgreinum.** Ein deild er metin m.t.t. allra áfanga sem kenndir eru innan deildarinnar á tiltekinni önn. Skoðaðir eru m.a. kennsluhættir, undirbúningur, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar. Um leið er þetta frábært tækifæri fyrir stjórnendur að kynna vel innviðum deildarinnar hverju sinni og vera betur í stakk búnir til að sjá heildarmyndina. Úttektir fara fram á miðönn og eru undir stjórn aðstoðarskólameistara. Úttekt frestaðist til vorannar 2022 og var þá deild samfélagsgreina tekin út.
- **Mat á starfi stjórnenda.** Á vorönn 2019 var heildstæð úttekt á skólanum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar voru störf stjórnenda sérstaklega skoðuð. Könnun meðal nemenda um stjórnendur var framkvæmd á vorönn 2022.
- **Mat á þjónustu bókasafns.** Könnun á þjónustu bókasafnsins þar sem metið er heildrænt bókakostur, þjónusta og vinnuaðstaða nemenda var framkvæmd á vorönn 2022. Umsjónarmaður bókasafns skilar inn skýrslu um starfsemi liðins skólaárs.
- **Mat á þjónustu skrifstofu og netstjóra.** Könnun á þjónustu skrifstofustjóra, skólafulltrúa og netstjóra var framkvæmd á vorönn 2022.
- **Mat á þjónustu námsráðgjafa og forvarnafulltrúa.** Námsráðgjafar og forvarnafulltrúi veita mikilvæga þjónustu, oft við erfiðar aðstæður. Könnun meðal nemenda á starfi þeirra var framkvæmd á vorönn 2022.

Helstu niðurstöður verða teknar fyrir í næstu köflum.

5.1. Námsárangur

Á hverri önn er farið yfir námsárangur nemenda í einstökum áföngum. Kennarar skrifa skýrslur til kennslustjóra um hvernig til hefur tekist, þeir bera saman árangur, námsefni og kennsluhætti. Í lok vorannar skrifa kennslustjórar lokaskýrslu skólaársins og skila til verkefnisstjóra. Þessar skýrslur endurspeglar þungamiðju alls skólastarfsins, kennsluna sjálfa. Kennarar og kennslustjórar leggja sig fram um að vinna þessar skýrslur sem best, gæði þeirra hafa batnað ár frá ári og nýting þeirra til framfara í kennslu viðkomandi fags hefur að sama skapi aukist.

Skýrslur kennslustjóra

Á skólaárinu 2021 – 2022 störfuðu við skólann 12 kennslustjórar. Kennslustjórar hittast reglulega á fundum undir stjórn verkefnastjóra og eiga fulltrúa í gæðaráði og á samráðsfundum stjórnenda, sem haldnir eru í hverri viku. Kennslustjórar skila skýrslum til verkefnisstjóra í lok hvers skólaárs og svo var einnig að loknu skólaárinu 2021-2022. Skýrslurnar eru ólíkar að gerð enda endurspeglar þær hið margþætta starf sem fram fer. Ekki hefur verið lögð áhersla á að skýrslur kennslustjóra séu á stöðluðu formi heldur miklu fremur miðað við að þær endurspegli það starf sem fram fer í viðkomandi deild.

Eftirfarandi er samantekt verkefnastjóra úr skýrslum kennslustjóra fyrir skólaárið 2021-22 :

Það er ekki hægt að segja annað en að kóvid hafi litað skólaárið 2021-2022. Í upphafi með lokunum og fjarnámi og svo í lok vorannar með veikindum bæði nemenda og kennara. Eins og skólaárið 2020-2021 þá sýndu kennarar fagmennsku sína og þol. Þó vissulega hafi mátt greina þreytu hjá bæði kennurum og nemendum við lok þessa skólaárs. Kennarar héldu ótrauðir áfram að prófa nýjungar og sinna sínum nemendum. Í FG eru kennarar að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og þeir beita fjölbreyttu námsmati. Of langt væri að telja upp það sem verið er að gera í skólanum en þó má benda á ákveðna þróun sem er að eiga sér stað. Áhrif námsumhverfa eins og Google Classroom, Nearpod og

INNA eru komin til að vera. Bæði í ensku og erlendum tungumálum er kennsluefni orðið meira gagnvirkt og óháð stað og stund. Með notkun á forritum eins og Explain Everything, Nearpod og Overleaf hafa kennarar tekið upp leiðbeiningar eða fyrirlestra sem nemendur geta horft á heima. Eitthvað sem hentar vel mörgum nemendum. Sérstaklega þeim sem eiga erfitt með nám og takast á við lesblindu eða athyglisbrest. Við þessar breytingar verður kennslan meira einstaklingsmiðuð þar sem nemandinn getur horft á aftur og gert það við aðstæður sem henta honum best.

Þetta hefur þau áhrif að nemendur geta meira unnið sjálfstætt óháðir stund og stað. Sem er frábært en skapar einnig vandamál hjá þeim nemendum sem erfitt eiga að halda sér að vinnu. Kannski erum við að sjá skýrari bil á milli þeirra nemenda sem þrífast vel við slíkar aðstæður og þeirra sem þrífast illa. Þá komum við að því sem kennarar tala mest, um virkni nemenda bæði í tímum og ekki síst við heimanám. Hvernig náum við sem kennarar að kalla fram slíka virkni? Þetta er stóra spurningin sem við þurfum að leita svara við.

Nýtt hlaðvarpsherbergi var tekið í gagnið á skólaárinu. Nokkrir kennarar hafa verið að nýta sér aðstöðuna. Það að gera hlaðvarp finnst nemendum skemmtilegt og því hentar slík nálgun í mörgum greinum.

Oft hefur verið talað um samþættingu námsgreina, því miður höfum við lítið gert í því í gegnum árin. Eitt slíkt verkefni stendur uppúr á árinu þar sem samþætting var milli myndlistar og líffræði. Gekk það sérstaklega vel og voru allir sem komu að verkefninu sammála að áhugi nemenda var mikill.

Þolinmæði og þrautseigja hafa alltaf verið mikilvægir þættir í námi. Þetta á sérstaklega við með auknu símati. Í flestum áföngum skólans hefur þáttur símats aukist all verulega. Stöðug vinna sem dreifist yfir alla önnina. Þetta hjálpar þeim sem vinna jafnt og þétt en þeir sem áður fyrr tóku sig á í lokin vegnar verr í slíku kerfi. Þá er oft of seint að bregðast við. Oft er talað um að hér séu drengir í meirihluta. Sumir kennarar benda á að í þriggja anna kerfi sé mjög mikilvægt að byrja önnina öflugt. Byrja strax á verkefnavinnu sem gildir til einkunna. Ef það er ekki gert þá sitja sumir nemendur eftir.

Víða hafa kennarar verið að valdefla nemendur með því að leyfa þeim að velja sér viðfangsefni, velja sér námsmat og velja sér framsetningu á efni. Hér er hægt að benda sérstaklega á viðskiptafræði, ensku og samfélagsfræði.

Margir kennarar eru að þreifa sig áfram með leiðsagnarmat. Þá leið að gefa endurgjöf sem nemendur geta bætt og skilað aftur. Við kennarar þurfum samt að skilgreina betur hvað er leiðsagnarnám og hvernig best er að nota það?

Lokaprófum á sérstökum prófatíma hefur fækkað í skólanum. Námsmat hefur færst að miklu leyti inn á önnina. Margir kennarar eru ánægðir með þessa breytingu en aðrir telja þessa vegferð ekki vera til góðs og telja mikilvægt að lengja prófatímann og lengja þann tíma sem nemendur hafa til að undirbúa sig fyrir þessi próf. Umræðan um lokapróf og önnur próf mun halda áfram á næsta skólaári.

Nú höfum við í FG lokið þriðja árinu í þriggja anna kerfi. Skiptar skoðanir eru meðal kennara á hvernig hefur gengið. Erfitt er einnig að meta árangurinn þar sem við höfum eingöngu náð tveimur önnum án kóvid. Það er samt áhugavert að þriggja anna kerfið virðist virka mjög vel í fjarnámi og nefna nokkrir kennslustjórar betri árangur en áður. Eflaust útskýrir styttra tímabil það að einhverju leyti. Sumir kennarar tala um að styttri önn leiði til þess að nemendur einbeiti sér betur og ráði betur við námið. Aðrir benda á meira stress og meiri hraða.

Þegar litið er yfir skýrslur kennslustjóra sést að við skólann starfa metnaðarfullir kennarar sem eru óhræddir við að prófa eitthvað nýtt. Kennarar sem hafa áhyggjur af lítilli virkni nemenda en eru um leið tilbúnir til að gera eitthvað nýtt til að auka virkni þeirra og námsárangur.

5.2. Kennslukannanir meðal nemenda

Allt frá árinu 1999 hafa kennslukannanir verið lagðar reglulega fyrir nemendur, niðurstöður þeirra hafa verið birtar í Sjálfsmatsskýrslum frá 2004. Könnunin er framkvæmd á netinu gegnum kennslukerfið í INNU og er lögð fyrir alla nemendur í öllum námshópum. Niðurstöður kannanna á haustönn 2021 og vorönn 2022 meðal dagskólanema og fjarnema eru hér skoðaðar sitt í hvoru lagi.

Haustönn 2021 dagskóli

Svarhlutfall dagskólanema í kennslukönnuninni á haustönn 2021 var 46,36%.

Einkunnaskalinn er eftirfarandi:

Fimma: Mjög - vel/- gott/- ánægð(ur)/-sammála/-stundvís

Fjarki : Vel/gott/ánægð(ur) –frekar –sammála/-stundvís

Pristur: Í lagi

Tvistur: Frekar óánægð(ur) /-ósammála/-stundvís – ekki nógu vel/-gott

Ás: Mjög óánægð(ur)/-ósammála/-óstundvís/- alls ekki nógu vel/-gott

Kennslumat á haustönn 2021 – dagskóli

Dagskólaspurningar - Spurningar um kennara og kennslu								
Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvennur	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	907	531	245	69	29	1781	4,25	0,94
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	1130	450	145	35	17	1777	4,49	0,80
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	841	446	297	114	84	1782	4,04	1,15
Telur þú að endurgjöf kennarans varðandi verkefni og próf sé hjálpleg?	893	510	235	92	45	1775	4,19	1,02
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	872	475	247	112	69	1775	4,11	1,1
Er kennarinn stundvís?	1219	420	117	8	12	1776	4,59	0,69
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	877	481	250	107	59	1774	4,13	1,08
Samtals	6739	3313	1536	537	315	12440	4,26	
Meðaltal á skalanum 0 til 10							8,51	

Fjarkennsla haust 2021

Svarhlutfall fjarnema í kennslukönnuninni á haustönn 2021 var 29,56%.

Kennslumat á haustönn 2021 – fjarkennsla

Fjarkennsluspurningar - Spurningar um námskeið								
Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvennur	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu vel svarar kennarinn fyrirspurnum?	19	21	11	5	2	58	3,86	1,07
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	22	23	11	3	0	59	4,08	0,87
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	24	17	10	8	0	59	3,97	1,06
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	34	36	20	8	2	59	3,92	1,01
Samtals	99	97	52	24	4	276	3,96	
Meðaltal á skalanum 0 til 10							7,92	

Vorönn 2022 dagskóli

Svarhlutfall dagskólanema í kennslukönnuninni á vorönn 2022 var 48,51 %.

Kennslumat á vorönn 2022– dagskóli

Dagskólaspurningar - Spurningar um kennara og kennslu								
Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvennur	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	812	454	228	73	40	1607	4,2	1,01
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	990	431	127	39	20	1607	4,45	0,84
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	771	384	259	116	76	1606	4,03	1,16
Telur þú að endurgjöf kennarans varðandi verkefni og próf sé hjálpleg?	780	452	230	94	43	1599	4,15	1,04
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	772	434	237	106	54	1603	4,1	1,09
Er kennarinn stundvís?	1038	413	115	21	15	1602	4,52	0,76
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	776	451	219	93	66	1605	4,11	1,1
Samtals	5939	3019	1415	542	314	11229	4,22	
Meðaltal á skalanum 0 til 10							8,44	

Vorönn 2022 fjarnám.

Svarhlutfall fjarnema í kennslukönnuninni á vorönn 2022 var 31,05%.

Kennslumat á vorönn 2022 – fjarkennsla

Fjarkennsluspurningar - Spurningar um námskeið								
Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvennur	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	34	17	11	2	3	67	4,15	1,08
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	29	16	14	5	4	68	3,9	1,2
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	29	15	14	5	5	68	3,85	1,25
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	28	18	10	7	4	67	3,88	1,23
Samtals	120	66	49	19	16	270	3,92	
Meðaltal á skalanum 0 til 10							7,84	

Í sjálfsmatsskýrslu ársins 2014 – 2015 var birtur samanburður viðhorfskannana frá haustönn 2005 til og með vorönn 2015 á skalanum 1 – 5. Á haustönn 2005 var byrjað að leggja rafrænar kennslukannanir fyrir nemendur í dagskóla og frá og með vorönn 2006 voru slíkar kannanir lagðar fyrir bæði nemendur í dagskóla og í fjarnámi.

Hér er haldið áfram með samanburð á meðaltölum og skólaárinu 2021 – 2022 bætt í nýja töflu.

Ár	H07	V08	H08	V09	H09	V10	H10	V11	H11	V12	H12	V13	H13	V14	H14	V15	H15	V16
Dagsk.	4,1	4,04	4,15	4,2	4,05	4,13	4,17	4,13	4,12	4,13	4,2	4,13	4,12	4,13	4,15	4,23	4,22	4,15
Fjarná.	4,09	4,03	4,13	4,23	4,26	4,27	4,08	4,13	4,2	4,36	4,18	4,24	4,21	4,1	4,08	3,99	4,17	4,13

Ár	H16	V17	H17	V18	H18	V19	H19	M 19-20	V20	H20	M20-21	V21	H21	V22
Dagsk.	4,12	4,17	4,16	4,16	4,08	3,14	4,36	4,3	4,23	4,31	4,34	4,32	4,26	4,22
Fjarná.	4,04		3,98	4,21	4,04	4,0	4,31	3,86	4,07	4,17	4,23	4,17	3,96	3,92

Helstu niðurstöður

Eins og sést á samanburðartöflunni er árangurinn í heild góður. Hafa verður í huga í samanburði að kannanir eru ekki alveg sammælanlegar. Þær breytingar urðu á haustönn 2018 að tekið var upp nýtt kennslukerfi í INNU og kennslumatið framkvæmt í því. Það árið náðist ekki góð þátttaka eða undir 40% á haustönn og tæplega 30% á vorönn sem er lágt hlutfall. Hvort það skýrist af nýju kerfi, ófullnægjandi hvatningu eða tímasetningu kennslumatsins er erfitt að segja til um. Spurningar breytast á milli ára, þó reynt sé að hafa þær eins sambærilegar og nokkur kostur er, og þátttaka er misgóð. Nemendur geta skrifað athugasemdir um áfangana. Margir hafa nýtt sér þann möguleika og eru athugasemdir í flestum tilfellum málefnalegar. Þessi hluti könnunarinnar mælist þó misjafnlega fyrir meðal kennara. Svarhlutfall er yfirleitt alltaf betra á haustönnum. Eins er líka ljóst að þegar kennarar og stjórnendur hvetja til þátttöku þá eykst svarhlutfall. Á haustönn 2019 varð breyting á fyrirkomulagi könnunarinnar á þann hátt að öllum nemendum skólans var gefinn tími til að svara könnuninni í kennslutíma og skilaði það sér í betri þátttöku en undanfarnar annir. Einnig var spurningum hjá dagskólanemendum fækkað úr tólf í sjö. Þar sem skólinn er nú orðinn þriggja anna skóli þýðir það að nemendur eru í færri áföngum á önn heldur en áður og þurfa því að svara færri spurningum í kennslumati en áður. Kennslumat er nú lagt fyrir tvisvar á skólaárinu frá og með haustönn 2021 þ.e. aðra hverja önn. Skólaárið 2021-22 voru tvær kannanir lagðar fyrir, haust og vor, en næsta skólaár verður það bara framkvæmt á miðönn.

Þriggja anna kerfið byrjaði haustið 2019 og síðan þá hafa meðaltöl í dagskólanum heldur hækkað miðað við árin á undan. Það er ekki eins áberandi í fjarnáminu en þó frekar í þá áttina. Eitthvað getur covid ástandið hafa spilað inn í niðurstöður þeirra anna sem mæting og einhvers konar breyting varð frá hefðbundnu skólastarfi. Fyrir skólaárið 2021-22 eru heldur lægri tölur en árin á undan.

Víst er að kannanir í svipaðri mynd eru komnar til að vera og geta veitt kennurum og stjórnendum ómetanlegar upplýsingar um skólastarfið og vísað veginn til framfara.

5.3. Viðhorf nemenda

Nemendur hafa ætíð verið virkir í umbótastarfi innan skólans. Nemendur eiga tvo fulltrúa í skólaráði og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Tvisvar á skólaári, á haust- og vorönn, eru haldnir fundir með nemendum, s.k. opnir fundir, þar sem þeim gefst tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við stjórnendur og forystumenn félagslífsins. Fundagerðir opinna funda eru settar á heimasíðu skólans. Margar nýjungar í skólastarfi skólans og aðbúnaði nemenda eiga upphaf sitt á slíkum fundum.

Opinn fundur með nemendum var haldinn á haustönn 2021 og var það fyrsti opni fundur á sal eftir covid tímabilið. Þar komu fram ýmsar ábendingar og athugasemdir um skólastarfið. Einnig var haldinn opinn fundur á vorönn 2022 og þar fengu fulltrúar nemenda að auglýsa það sem framundan var í félaglífinu og kynna árshátíðardagskrána.

5.4. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru síðast fram í apríl á vorönn 2021. Skólameistari og aðstoðarskólameistari sáu um samtölin og fylgdu fyrirfram ákveðnum spurningum sem gengið var út frá í hverju samtali. Starfsmenn höfðu fengið spurningarnar sendar áður til að geta undirbúið sig. Gerður var listi með ýmsum athugasemdum og hugmyndum sem komu fram í samtölunum til að fylgja eftir og framkvæma.

5.5. Líðan starfsmanna

Líðan starfsmanna og möguleikar þeirra til vaxtar í starfi hefur ætíð verið mikilvægur þáttur í starfi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Margir hafa komið að því starfi með mismunandi áherslum, ýmist sem lið í hópefli eða hollri næringu og lífsháttum.

Stjórn starfsmannafélagsins hefur verið ötul í að bjóða upp á styttri skemmtiferðir, skemmtanir og ýmislegt sem hefur eflt samkennd og jákvæðni í starfsmannahópnum. Skólinn býður upp á ávexti einu sinni í viku til viðbótar við kaffi og kex ásamt því að hvetja til samverustunda ýmiss konar.

Í lok vorannar 2022 fóru starfsmenn í mjög velheppnaða ferð til Spánar þar sem skólar voru heimsóttir og ýmis fræðsla, hópefli og skemmtun stóðu til boða.

Boðið er upp á vatn, kolsýrt eða hreint, úr vatnsvél og kaffi/kakó úr þar til gerðri vél í matsal starfsmanna. Jákvæðir og ánægðir starfsmenn eru mikill mannauður og allt það sem stuðlar að bættri líðan starfsmanna er af hinu góða. Með tilkomu áætlana varðandi jafnrétti, endurmenntun, einelti og stefnu í starfsmannamálum hefur verið stigið mikilvægt skref til heilla fyrir starfsmenn. Starfsmönnum stendur til boða líkamsræktarstyrkur í formi niðurgreiðslu kostnaðar vegna líkamsræktar. Einnig er í boði samgöngustyrkur sem hvetur til umhverfisvænni samgöngumáta.

Eins og aðrar ríkisreknar stofnanir hefur FG tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins. Útkoma skólans var hefur verið góð og varð skólinn í þriðja sæti í flokki meðalstórra stofnana 2021.

5.6. Öryggi á vinnustað

Öryggisnefnd gerir reglulega þarfagreiningu og áhættumat. Neyðarstjórn var virkjuð á miðönn í tengslum við viðbragðsáætlun fyrir framhaldsskóla sem segir til um skipulag og stjórnun aðgerða ef hættuástand kemur upp. Stjórnin hittist reglulega til að fara yfir skipulagið og aðlaga það að FG svo allir ferlar séu á hreinu ef eitthvað óvænt kemur upp á.

5.7. Forvarnir

Forvarnafulltrúi hefur starfað við skólann frá árinu 1998 og haldið úti öflugum forvarnastarfi. Honum til halds og trausts er forvarnateymi, en í því eiga sæti einn fulltrúi stjórnenda, námsráðgjafar, fulltrúi kennara, forvarnafulltrúi og félagsmálafulltrúi. Það er mikill styrkur fyrir þann sem gegnir starfi forvarnafulltrúa að hafa gott fólk með sér í helstu verkefni og hefur þetta fyrirkomulag ætíð gefist mjög vel. Forvarnateymið fundar reglulega og vistar fundargerðir á samskrá kennara. FG er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli. Heilsuefling er sameiginlegt verkefni stjórnenda, starfsmanna og nemenda skólans. Markmiðið er að bæta heilsu og líðan þeirra sem starfa og nema við skólann.

Stefnt er að því að tryggja eins góða og heilsusamlega vinnuaðstöðu og unnt er. Jafnframt eru nemendur og starfsmenn hvattir til virkrar þátttöku og aukinnar meðvitundar um gildi bættrar heilsu og líðanar. Heilsustefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum. Meginmarkmið forvarnastefnu skólans er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum nemenda án neyslu áfengis, tóbaks eða annarra vímuvaldandi efna. Forvarnafulltrúi er á dansleikjum og öðrum skemmtunum nemendafélags skólans auk þess að skipuleggja fræðslu fyrir nemendur.

Skólaárið 2021-22 einkenndist af færri fundum en mikilli vinnu við að koma skólastarfinu í eðlilegt horft eftir Covid ástandið. Allt kapp var lagt á að koma félagslífinu af stað og vekja upp gamlar venjur innan skólans. Heilsu- og forvarnateymið kemur víða við í sínum áherslum og of langt mál væri að telja upp allt upp sem það kemur að. Þó má nefna eftirfylgni eftir skemmtanir og viðtöl við nemendur ef á þarf að halda, aðkoma að ýmsum viðburðum, samskipti við foreldrafélagið, samstarf um bættu aðstöðu fyrir nemendur o.fl. Segja má að nefndin sé með puttann á púlsinum hvað ýmis mál varðar sem upp koma.

Forvarnateymið vill halda áfram að byggja upp jákvæðan skólabrag.

5.8. Próf og prófagerð

Eitt af meginverkefnum sjálfsmatshóps á vorönn 2006 var að skipuleggja verkferla varðandi prófagerð og framkvæmd prófa. Þessari vinnu voru gerð góð skil í sjálfsmatsskýrslu skólans haustið 2007. Í ljósi reynslunnar hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á verkferlunum og er þessi þáttur skólastarfsins mikilvægur í sjálfsmati Fjölbrotaskólans í Garðabæ. Með öflugum eftirliti, jákvæðri aðkomu allra kennara, kennslustjóra og skólafulltrúa undir stjórn áfangastjóra er þessi þáttur skólastarfsins mikilvægur hluti sjálfsmats. Í þriggja anna kerfi hefur prófdögum í próftöflu fækkað og eru tveir fyrir lokapróf og einn fyrir sjúkrapróf. Einnig er möguleiki að taka próf á námsmatsdögum ef nemendur missa af prófi á önninni af einhverjum orsökum. Haldið var áfram með að undirbúa og prófa Inspera próftökukerfið. Hópur kennara var með prufuaðgang að kerfinu og mun svo miðla kostum og göllum kerfisins áfram til samkennara.

5.9. Námsáætlanir

Allengi hefur sú krafa verið gerð til kennara að námsáætlun liggi fyrir í hverjum áfanga strax í fyrstu kennsluviku hvorrar annar. Námsáætlanir skulu settar á kennslukerfisvef INNU. Þær kröfur eru gerðar að í námsáætlun komi fram fyrirkomulag námsmats, kennsluefni, kröfur um viðveru og allt það sem viðkemur áfanganum. Kennarar miða við staðlaða námsáætlun sem aðgengileg er á innra neti skólans. Með þessu fyrirkomulagi er innra eftirlit með uppbyggingu hvers áfanga, tryggt er að upplýsingar til nemenda komist strax til skila og efasemdir um ýmis atriði varðandi námsmat koma ekki upp. Námsáætlanir eru einnig aðgengilegar forráðamönnum sem þá eru betur upplýstir um uppbyggingu námsins. Hægt er að skoða allar námsáætlanir inni á kennsluvef INNU flokkaðar eftir hverri önn.

5.10. Kennslukerfi í INNU

Á haustönn 2018 var kennslukerfi í INNU tekið í notkun í FG og hefur það verið í þróun síðan. Kennsluráðgjafi starfar við skólann í 33% starfshlutfalli til ráðgjafar við kennarar í ýmsum tæknimálum og til að aðstoða þá m.a. með ýmis kennsluforrit. Ýmsar breytingar hafa orðið í tæknilausnum í framhaldi af covid tímabilinu.

5.11. Endurmenntun kennara

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ starfa mjög vel menntaðir kennarar. Hópurinn samanstendur af kennurum með langa starfsreynslu og yngri kennurum sem eru að feta sín fyrstu spor í starfinu. Í stofnanasamningi kennara og skólafyrivalda er menntun veigamikill þáttur í launum og mikilvægt er að hvatning til sí- og endurmenntunar sé hluti samningsins. Stjórnendur skólans hafa stutt kennara til endurmenntunar á starfstíma skólans t.d. með sveigjanleika í töflugerð. Endurmenntun kennara getur verið með ýmsu móti, skólinn stendur stundum sjálfur fyrir staðnámskeiðum sem þá eru hugsuð þvert á námsgreinar, allmargir kennarar skólans hafa tekið þátt í vettvangsnámi þar sem unnið er í samvinnu við kennara úr öðrum völdum skólum svo og taka kennarar þátt í námskeiðum á vegum fagfélaga. Skólinn stóð fyrir námskeiði fyrir upphaf haustannar um Inspira prófakerfið og „sögur úr skólastofunni“. Fleiri námskeið hafa verið haldin á skólaárinu og má nefna námskeið um Canva, Padlet og tækni í tengslum við hlaðvarp og notkun hlaðvarps í kennslu. Alls voru haldin þrettán námskeið á skólaárinu og endað var á skyndihjálparnámskeiði fyrir alla starfsmenn.

Ákveðið var í lok árs að leggja niður starf kennsluráðgjafa sem hafði verið í starfinu í 33% hlutfalli. Um tilraunaverkefni var að ræða í samvinnu við tvo aðra framhaldsskóla. Eftirfarandi er úr skýrslu kennsluráðgjafa eftir tveggja ára tilraunaverkefni:

Í ljósi þess að starf kennsluráðgjafa verður lagt niður eftir veturinn 2021-2022 þá er ástæða að líta aðeins um öxl og skoða hvað gekk vel og hvað gæti hafa gengið betur. Covid19 byrjaði tveimur vikum eftir að kennsluráðgjafi tók til starfa og litaðist starfið mjög af því. Starfstímabilið var 01.03.2020 til loka kennsluárs 2022. Þegar Covid19 tók yfir á Íslandi í mars 2020 lokuðu flestir framhaldsskólar að miklu leyti og kennsla færðist yfir á fjarkennslustig. Starfið fyrsta árið litaðist af þessum tíma og snerist aðallega um að kennarar hefðu aðgang að þeim leiðbeiningum sem þeir þurftu til að sinna sínum störfum, meira eða minna að heiman frá sér. Þetta ástand varði að miklu leyti fram yfir áramótin 2021-2022. Vorönnin 2022 var má segja fyrsta önnin þar sem kennsla var nokkurn veginn í eðlilegum farvegi. Um það leyti fór starfið að breytast og verða meira í átt við það sem lagt var upp með í byrjun, að aðstoða kennara við að finna leiðir til að auka rafræna þætti í starfi sínu.


Þennan fyrri hluta var starfið meira eins og „helpdesk“ eða hjálparborð. Kennara vantaði aðstoð við eitthvað strax og ekki var um mikla þróunarvinnu að ræða. Þessi áhersla breyttist eftir áramótin 2022 og það fóru að koma inn verkefni sem tóku lengri tíma og voru samvinnuverkefni milli ákveðinna kennara og kennsluráðgjafa. Um leið fækkaði fyrirspurnum sem flokkast gætu sem almenn hjálparverkefni.

Settar voru upp kynningar fyrir kennara en þeir hafa ekki sótt þær eða sótt þær mjög illa. Nokkuð var um að eftir að kynning var auglýst að kennarar kæmu og fengju einstaklingsráðgjöf um efni kynningarinnar sem hafði verið á dagskrá. Báru þá við að dagarnir hentuðu ekki eða tímasetning væri ekki góð.


Sett var upp síða með leiðbeiningum, myndbönd og skriflegar leiðbeiningar.

Leiðbeiningarsíðan hefur verið sótt reglulega en ekki er hægt að sjá frá hvaða skóla, heldur einungis fjöldi heimsóknna.

Á fyrstu myndinni sést samanburður milli ára. Fjöldi skoðana á hverju ári. Árið 2020 eru það 2.084 skoðanir, árið 2021 eru það 1.903 skoðanir og það sem af er af árinu 2022 (til 7. Júní) eru það 1.039 skoðanir:



Á mynd tvö sést fjöldi skoðana skipt niður á mánuði og er áberandi að mest er skoðað í upphafi kennsluanna:



Covid19 setti stórt mark á störf kennsluráðgjafa. Þetta hefur litað starfið að miklu leyti alveg fram til ársins 2022. Um miðja önn 2022 fóru verkefnin að breytast úr því að vera svör við stuttum einstökum þáttum yfir í að verða meiri þælingar um hvernig hægt er að breyta ákveðnum þáttum í kennslu hjá einstöku kennurum. Þær deildir sem helst sóttu þetta voru tungumálabrautir, starfsbraut og listasvið. Mér þykir ljóst að kennarar gætu hafa sótt sér meiri aðstoðar hjá kennsluráðgjafa en að sama skapi er ljóst að áherslan var hægt og rólega að breytast. Í stað þess að vera 5-10 mínútna fyrirspurnir, þá voru það allt upp í klukkutíma samtöl þar sem ákveðnir þættir voru skoðaðir frá ýmsum hliðum og ég tók að mér að skoða betur, hvort hægt væri að gera og breyta.

Kennsluráðgjafinn var mikið einn á róli. Það voru komnir nokkuð reglulegir fundir með verkefnastjóra um kynningar og þeir voru finir svo langt sem þeir náðu. Reglulegir fundir með skólunum þremur hefðu verið ágætt aðhald og pressa frá skólunum um einstaka þætti.

5.12. Umsjónarkerfið

Umsjónarkerfið hefur verið að mótast og þróast síðustu ár með það að markmiði að bæta skólasókn nemenda, auka upplýsingastreymi til þeirra og kenna þeim betur á áfangakerfið í heild. Við sjáum framfarir í ýmsum þáttum, þó það virðist eilífðarverkefni að bæta skólasóknina.

Í samræmi við styttri námstíma hefur fyrirkomulagi umsjónarkennslu verið breytt lítillega. Nemendur hafa sama umsjónarkennara í tvö ár. Að því loknu fá þeir þjónustu hjá námsráðgjöfum og áfangastjóra sem fer yfir feril þeirra og hjálpar þeim að velja fyrir sína síðustu önn. Nemendur á síðustu önn fara til aðstoðarskólameistara sem skráir þá til útskriftar og gætir þess að ferill þeirra sé í lagi. Með þessu er reynt að tryggja að nemendur lendi ekki í vandræðum á síðustu önn með sinn feril. Þetta fyrirkomulag er í stöðugri endurskoðun.

5.13. Úttekt á deild

Allt frá árinu 2011 hefur skólinn, auk hefðbundins sjálfsmats, tekið út eina námsgrein / deild sérstaklega til nánari skoðunar. Skoðaðir eru kennsluhættir, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar hans svo og líðan nemenda í kennslustundum og líðan kennara í starfi. Á skólaárinu 2021-22 var deild samfélagsgreina tekin út en vegna ástandsins sem skapaðist út af covid-19 hafði því verið frestað frá fyrra ári.

Úttektirnar eru bæði meginlegar og eigindlegar og stuðst er við viðmið fyrir sjálfsmat sem mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur til grundvallar. Úttektin náði til sex kennara sem kenndu í dagskóla á vorönn 2022 áfangana: FÉLA3ab05, FÉLV1if05, FÉLV2af05, FÉLV3lv05, FJÖL2aj05, HEIM2hh05, SAGA2í05, SAGA2ms05, og SÁLF2fs05.

Úttektirnar eru eins uppbyggðar frá ári til árs til að niðurstöður séu sambærilegar. Sjá [Sjálfsmatsskýrslur](#) frá 2010 -2020. Frávik var í úttekt á íþróttadeild sökum eðlis kennslunnar, sérnámsbraut skólans og svo þar sem hluti listnáms var tekinn út.

Skipulagning og framkvæmd úttektarinnar var í höndum aðstoðarskólameistara, verkefnastjóra og skólameistara.

1. Tímasetningar og verkframvinda.

Skrifleg könnun meðal nemenda í samfélagsgreinum var lögð fyrir í apríl. Verkefnastjóri hafði umsjón með þessum þætti úttektarinnar. Könnunin var rafræn og spurningarnar sem lagðar voru fyrir voru hannaðar í SurveyMonkey. Snjallsímar/tölvur voru notaðir í þessum hluta úttektarinnar. Spurningar voru alls 22 og skiptust þær þannig:

1. Hvaða áfangi er þetta?
2. Kyn þess sem svarar.
3. Fæðingarár þess sem svarar.
 - a. 1995 eða eldri
 - b. 1996
 - c. 1997
 - d. 1998
 - e. 1999 eða yngri
4. Á hvaða braut ertu?
 - a. Alþjóðabraut
 - b. Félagsvísindabraut
 - c. Hönnunar- og markaðsbraut

- d. Íþróttabraut
 - e. Listnámsbrautum
 - f. Náttúrufræðibraut
 - g. Sérnámsbraut
 - h. Viðskiptabraut
5. Mér finnst kennarinn vera vel undirbúinn.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
6. Ég er sáttur/sátt við viðmót kennarans í minn garð.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
7. Mér finnst vinnuandinn í áfanganum vera góður.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
8. Kennarinn fylgist vel með því hvernig mér gengur í áfanganum.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
9. Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
10. Próf og verkefni áfangans eru sanngjörn.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
11. Vinnuálag í áfanganum er hæfilega mikið.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
12. Mér líður vel í áfanganum.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
13. Námsefni áfangans hjálpar mér að skilja efni áfangans.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
14. Kennari skilar verkefnum fljótt til baka (innan viku frá lokum skilafrests).
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála

- d. Mjög ósammála
 - e. Á ekki við
15. Kennarinn notar mismunandi kennsluaðferðir (töflukennsla, hópvinna, leikir...).
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
16. Kennarinn notar mismunandi námsmat (próf, ritgerðir, verkefni, nemendafyrirlestra...).
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
17. Kennarinn nær að gera efnið áhugavert.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
18. Kennarinn hefur stjórn á órólegum nemendum.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
19. Kennari er duglegur að koma með viðbótarefni sem eykur skilning á efninu.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
20. Kennari er áhugasamur um að nemendur sýni framfarir.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
21. Kennari fylgist vel með heimanámi nemenda.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
 - e. Á ekki við
22. Hvernig finnst þér þú sinna námi þínu í áfanganum?
- a. Mjög vel
 - b. Frekar vel
 - c. Frekar illa
 - d. Mjög illa

Í FG eru 76 nemendur skráðir á félagsvísindabraut á vorönn 2022. Samfélagsgreinaáfangarnir eru allir á þeirri braut en nokkrir eru líka í kjarna annarra brauta eins og t.d. FÉLV1if05 sem er skylduáfangi á öllum brautum. Sama má segja um suma söguáfangana þ.e. á öllum brautum er saga kennd í kjarna. Að þessu sinni var könnun gerð á samfélagsgreinaáföngum 25. – 29 apríl. Um viðverukönnun var að ræða. Niðurstaða úr könnuninni er eftirfarandi:

Úrtakið var 290 nemendur. Kynjahlutfallið var 40,3% karlar 56,2% konur og 3,4% annað. 12,1% voru fæddir árið 2002 eða fyrr, 24,5% voru fæddir árið 2003, 35,9% fæddir árið 2004 og 27,6% fæddir

2005 eða síðar. Flestir nemendur voru af Félagsvísindabraut eða 38,6%, svo kom Viðskiptabraut með 16,9% og svo Íþrótt- og Listnámsbraut með tæplega 15%, færri komu af öðrum brautum skólans.

Það er ekki hægt að segja annað en að nemendur í samfélagsgreinum séu ánægð með kennara sína og áfangana sem þeir sátu í. Það er alveg sama hvar litið er þá eru nemendur ánægðir í samfélagsgreinum. Ef borið er saman við aðrar deildir skólans, sama hvort um er að ræða viðmót kennara, fjölbreyttar kennsluaðferðir, það að kennari nái að gera efnið áhugavert þá kemur deildin mjög vel út. Það er greinilegt, að mati nemenda, að kennsla í samfélagsgreinum í FG er góð.

Seinni hluti úttektarinnar var tvíþættur og sneri að kennurum deildarinnar. Annars vegar voru viðkomandi kennarar heimsóttir í kennslustund og voru þær heimsóknir í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Hins vegar voru tekin persónuleg viðtöl við alla kennarana og sá aðstoðarskólameistari um þau viðtöl.

Heimsóknirnar fóru fram 25.- 29. apríl 2022 og voru allir sex kennarar deildarinnar heimsóttir í eftirfarandi áfanga: FÉLV1if05, FÉLA3ab05, HEIM2hh05, SAGA2íl05, SAGA2ms05, og SÁLF2fs05.

Tilviljun réði því hvaða tímar voru heimsóttir hjá hverjum kennara. Punktað var niður um hvern tíma. Þættir til skoðuðunar voru t.d. hvernig kennarinn byrjar tímann, hvernig honum tekst að halda áhuga nemenda, hvort hann hafi stjórn á aga, hvernig undirbúningur kennarans hafi verið, hvaða kennsluaðferðir eru notaðar og hvernig skipulagi tímans er háttað.

Ánægjulegt er að lesa punktana sem skrifaðir voru í tímum. Algengast var að í tímunum væri rólegt yfirbragð, nemendum leið augsýnilega vel og voru vinnusamir.

Sammerkt öllum áföngunum sem skoðaðir voru var að lesið var upp í byrjun tímans og svo rifjað upp hvar þau voru stödd í námsefninu og síðan haldið áfram með verkefni. Nemendur voru yfirleitt tilbúnir að byrja á verkefnum tímans strax. Allt voru þetta bóklegir tímar og annað hvort héldu nemendur áfram þar sem frá var horfið í síðasta tíma í viðkomandi áfanga eða þau fengu sameigilega innlögn eða upphitun áður en þau sinntu sínu einstaklings-/hópverkefni.

Sameiginlegt með öllum kennurum var að þeir voru mjög vel undirbúnir, kennslan „flaut“ vel og ánægjulegt var að sjá að nemendur bera virðingu fyrir þeim. Að horfa á atferli nemenda í þessum tímum var mjög áhugavert. Í nemendahópum eru nemendur misjafnlega áhugasamir og misjafnlega fljótir að byrja að vinna. Upplifunin í þessum heimsóknum var í flestum tilfellum að nemendur voru vel virkir og stjórn kennarans var fumlau og henni beitt markvisst. Undirbúningur kennaranna var góður og það var alltaf á hreinu hvað ætti að taka fyrir og hvernig tíminn í heild ætti að ganga fyrir sig. Nemendur voru oftast áhugasamir og ekki var um agavandamál að ræða. Ekki bar mikið á símanotkun en þó voru alltaf einhverjir í öllum hópunum sem kíktu aðeins í símana sína.

Ekki var hægt að merkja sérstaklega í tímum að nemendur ættu í sérstökum erfiðleikum með námsefnið. Þeim virtist líða vel og lítið var um ráp úr tímum. Kennslustofan var hefðbundin í öllum áföngunum. Skjávarpi var notaður í hluta tímanna en síðan var mikið um hópavinnu og nemendur í þremur áföngum voru að undirbúa fyrirlestur sem flytja átti í vikunni á eftir. Í einum áfanganum var Nearpod verkefni sem nemendur unnu á staðnum, í öðrum unnu þau í hópum með og á móti ákveðinni staðhæfingu og svo skiptust hóparnir upp og fram fóru líflegar rökræður með og á móti innan hópsins. Í einhverjum tilfellum þar sem nemendur voru að vinna að undirbúningi fyrirlestra fengu þau að fara úr kennslustofunni og vinna t.d. á bókasafninu. Kennarinn gekk svo á milli.

Viðtöl við kennara samfélagsgreinadeildar fóru fram 2.- 6. maí 2022 á skrifstofu aðstoðarskólameistara. Fyrir lágu eftirfarandi spurningar, þær sömu og lagðar voru til grundvallar

viðtölum við kennara í fyrri úttektum. Mikilvægt er að spurt sé um sömu atriði hverju sinni til að samanburður verði marktækur:

1. Menntun kennarans - fagþekking
2. Starfsreynsla
3. Styrkleikar og veikleikar í starfi
4. Hvernig gengur á þessari önn? Mætti eitthvað fara betur?
5. Líðan í starfi
6. Vinnuaðstaða
7. Vinnuandi í deildinni
8. Samskipti í deildinni
9. Samskipti við stjórnendur
10. Námsmat - próf/prófafyrirkomulag. Hvað mætti betur fara?
11. Möguleikar í endurmenntun

Kennarar í samfélagsgreinadeild voru sex á vorönn 2022. Þetta er nokkuð breiður hópur, aldursbilið þó nokkuð eða 28 ár. Sá yngsti er fæddur árið 1988, sá elsti 1960. Kynjaskipting er 2 konur og 4 karlmenn. Allir eru með réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi og með nokkuð fjölbreytt nám að baki.

Kennararnir hafa flestir starfað lengi við skólann eða frá 14 árum upp í 22 ár. Einn kennaranna er á sínu öðru ári við kennslu í FG. Í viðtali við þá kemur fram að þeim líður vel í starfi, ekki að verða útbrunninn eins og einn sagði og fram kom áhersla á nemendur þ.e. að kennari er hér fyrst og fremst til að kenna nemendum. Fram kom að andinn í deildinni væri almennt góður og reynt að halda samskiptum á faglegum nótum. Samsetning kennara deildarinnar er óhefðbundin að einhverju leyti þar sem hjón starfa í deildinni, annað þeirra er kennslustjóri deildarinnar og einnig er kennari sem er umdeildur í samfélaginu vegna skoðana sinna á opinberum vettvangi. Deildarfundir hafa verið óformlegir og ekki verið margir. Mismunandi skoðanir komu fram um þá, að þeir væru mikið til tilkynningafundir en líka að þeir væru faglegir og virðing til staðar.

Aðspurðir um styrkleika og veikleika í starfi nefndu kennararnir sem styrkleika að þeir næðu vel til nemenda, hefðu áhuga á þeim og ættu auðvelt með að eiga samskipti við þá. Áhugi á kennslu og að gera námið áhugavert og vera opin til fyrir nýjungum og fljótur að breyta kemur fram sem styrkleiki. Einnig kom fram að jákvæðni, ástríða fyrir nemendum og að vera annt um samstarfsfólk sitt væru styrkleikar í starfi. Síðast en ekki síst kom fram að það væri styrkleiki að hafa skilning á fjölbreytni nemenda, vera góður kennari og að stöðugleiki og gott skipulag væri styrkleiki. Þegar rætt var um helstu veikleika var nefnt að bæta mætti skipulag, tregi til nýjunga hvað kennsluhætti varðar og það að tengjast nemendum of mikið eða ef áhugi fyrir kennslunni er of mikill gæti það virkað sem veikleiki.

Þegar kennararnir voru spurðir hvernig gengi á önninni, hvort eitthvað mætti betur fara kom fram að á heildina litið gengur vel. Einhver átti við veikindi að stríða og einnig hafa nemendur verið töluvert frá vegna covid þannig að þurft hefur að vinna upp tíma og ná upp efni sem hafði seinkað. Einnig kom fram að tveggja anna kerfið sæti enn í einhverjum og svo kom fram ósk hjá einum kennara að fá að kenna eftir stökkakerfi þar sem væru 4 x 80 mínútna tímar þar sem 120 mínútna tímar þykja langir.

Þegar spurt var um vinnuaðstöðu voru svörin öll á einn veg að hún væri mjög góð, góð, fín.

Í viðtölum voru kennararnir spurðir um samskipti við nemendur annars vegar og stjórnendur hins vegar. Allir voru sammála um að samskipti við nemendur væru góð. Fram kom að kennari vinnur með nemendum eins og þau eru og finnur oft til vellíðunar í tímum og á eftir vegna góðra samskipta og samveru með nemendum. Annar nefndi sérstaklega að hann réði vel við erfiða nemendur og annar

nefndi góða tengingu við nemendur. Einnig kom fram að með aukinni reynslu væri auðveldara að lesa nemendahópin og bregðast við í samræmi við það.

Hvað varðar samskipti við stjórnendur töldu kennararnir þau vera frábær, mjög prýðileg, góð, fín og gott aðgengi að stjórnendum. Einn tók sérstaklega fram að stjórnendur hefðu jákvæð og uppbyggjandi viðhorf til starfsmanna og á móti kom að annar nefndi sérstaklega að það væru lítil samskipti við stjórnendur hjá viðkomandi.

Spurt var sérstaklega um námsmat og prófayfirkomulag í áföngum samfélagsgreinadeildarinnar. Kennararnir voru almennt ánægðir með það yfirkomulag sem er á námsmati en viðkomandi áfangar í úttektinni eru allir lokaprófslausir með símati. Það kom fram í viðtölunum að námsmatið hefði þróast og er nú mestmegnis prófað rafrænt og verkefnavinna hefur aukist. Einnig kom fram sú skoðun að prófaumræða væri of fyrirferðarmikil og meira mætti ræða um kennsluáðferðir og menntaumhverfi. Nefnt var að gaman væri að prófa mismunandi áðferðir við námsmat og fá kennarar að ráða yfirkomulaginu að mestu leyti. Velt var upp hvort nemendur væru að fá minni þjónustu við próftöku í hlutaprófum miðað við í lokaprófum áður.

Að lokum voru kennararnir spurðir um möguleika í endurmenntun og áhuga þeirra á slíku. Fagfélögin, félag sögukennara og félag félagsfræðikennara, eru mis öflug og tveir kennaranna eru eða voru í stjórn í sínu fagfélagi. Nefnt var að námskeiðin mættu vera sýnilegri og meira framboð meðan annar sagði að það væru ágætir möguleikar og alltaf eitthvað í gangi. Svo eru ýmis önnur námskeið og þróun í starfi sem fellur undir endurmenntun. Þeir kennarar sem starfa við FG í samfélagsgreinadeild eru vel menntaðir og því miklir sérfræðingar í sínu fagi en alltaf má bæta við og eðli kennarastarfsins er að það er í stöðugri þróun.

Heildarniðurstaða úttektarinnar er að Fjölbrautskólinn í Garðabæ hefur á að skipa góðum kennurum í samfélagsgreinum og að nemendur eru ánægðir með þá kennslu sem fram fer í deild samfélagsgreina.

5.14. Mat á starfi stjórnenda

Gert er ráð fyrir að könnun meðal nemenda um stjórnendur sé gerð reglulega, könnun var lögð fyrir skólaárið 2021 -2022. Það er umhugsunarefni hve fáir þekkja stjórnendur í sjón eða einungis um helmingur nemenda svaraði þeirri spurningu játandi og eins hefur þeim fækkað, frá síðustu könnun, sem hafa talað við stjórnendur. Stjórnendur hafa opið inn á skrifstofu til sín og allir geta komið og rætt við þá. Ef lokað er inn á skrifstofu þýðir það að viðkomandi er á fundi eða upptekinn við annað.

Könnunin Stofnun ársins meðal ríkisrekinnna stofnana er gerð árlega og þar eru m. a. metin störf stjórnenda. Skólinn lenti í þriðja sæti í flokknum meðalstórar stofnanir 2021 og getur því notað lógóíð Fyrirmyndarstofnun ársins.

5.15. Mat á starfsemi bókasafns

Gert er ráð fyrir að könnun meðal nemenda um þjónustu bókasafnsins verði gerð reglulega, könnunin var framkvæmd skólaárið 2021 -2022. Frá síðustu könnun (2013) hafa miklar breytingar orðið á bókasafninu og þar orðið meira vinnurými en áður og bóka fjöldi safnsins hefur verið grisjaður töluvert. Hluti safnsins er aflokað lesrými og svo er innsti hluti safnsins orðinn að lokuðu vinnurými með glervegg þar sem hægt er að vinna með ýmis tæki eins og þrívíddarprentara, vínýlskera ofl. Þessi

tæki eru tengd ákveðnum áföngum eins og staðan er í dag en þróunin er að fleiri eru að taka þessa tækni í gagnid og nýta sér möguleikana sem þau bjóða upp á. Rúmlega helmingur nemenda nýtir sér bókasafnið daglega eða oft en einu sinni í viku. Nemendur eru almennt mjög ánægðir með vinnuaðstöðuna, opnunartímann og þjónustu safnsins. Þegar spurt var um hvort nemendur hefðu nýtt sér tækin innst í safninu svöruðu 57% játandi.

Eftirfarandi er úr ársskýrslu umsjónarmanns bókasafns:

Starfsmenn safnsins voru tveir í 1,5 stöðugildum. Bókasafnið er opið alla virka daga frá klukkan 8 til 16. Safnið skiptist í þrjú rými. Lokað lesrými þar sem 19 nemendur geta verið í góðu næði. Lokað rými þar sem hægt er að vera með hópavinnu eða kennslu fyrir um 20 nemendur og 48 lessæti á ýmiss konar borðum. Á vorönn komu aftur stólarnir sem höfðu verið teknir frá vegna takmarkana á Covidtímum svo safnið getur tekið við fullum fjölda aftur. Skólaárið byrjaði í ákveðnum takmörkunum. Það voru fjöldatakmarkanir þannig að ekki máttu koma saman fleiri en 50. Þar af leiðandi máttu ekki vera fleiri en 50 á bókasafninu og matsalnum. Stofur voru hafðar opnar í frímínútum svo nemendur væru ekki að hópast saman á göngunum. Nemendur komu inn í skólann en máttu ekki taka þátt í neinu félagslífi. Skólaárið á bókasafninu var annars frekar tíðindalítið. Allt gekk sinna vanagang. Mikill fjöldi nemenda var á safninu. Mikið var um að kennarar kæmu niður með hópa og eins vilja nemendur gjarnan fá að fara úr tíma og fá að læra á bókasafninu. Nemendur fá enn töluvert mikið lánað tölvur, vasareikna og heyrnartól. Föndurvagnarnir og vínylskerinn voru líka í stöðugri notkun. Eftir áramót var svo fljótlega aflétt öllum takmörkunum öllum til mikillar gleði. Við vonum núna að covid tímanum sé lokið og við förum inn í sumarið full bjartsýni og hlökkum til að koma að hausti í eðlilegt skólalald.

5.16. Mat á þjónustu:

- **skrifstofustarfsfólks** - Á skrifstofu starfar skrifstofustjóri í 100% stöðu og skólafulltrúi í 80% starfi. Opnunartími afgreiðslu skrifstofu er frá 8 – 15 daglega. Síðasti kennlutími dagsins er til kl.15:15 og kl.14:30 á föstudögum og því komast nemendur ekki á skrifstofuna eftir síðasta tíma. Niðurstaða könnunarinnar sýnir að 70% nemenda telja opnunartímann nægilegan og til að koma til móts við það hefur verið ákveðið að lengja opnunartímann frá og með næsta hausti. 96% nemenda hefur komið á skrifstofuna og 83% svara að þjónustan sé góð eða mjög góð og 16% segja í lagi.

kerfisstjóra - Það hefur orðið mikil breyting á ýmsu er varðar netstjórn í skólanum frá síðustu könnun. Nú er stór hluti þjónustaður utan frá en kerfisstjóri aðstoðar nemendur og kennara við ýmis mál við dagleg störf, próftöku, uppsetningu á forritum o.fl. Það kemur skýrt fram að þráðlausa netið hefur lagast og nemendur eru ánægðari með þjónustuna. 42% nemenda segjast hafa nýtt sér þjónustu kerfisstjóra og 92% telja samskiptin góð eða í lagi.

- **umsjónarmanns fasteigna og skólaliða** - Skólinn er þrífinn allan daginn jafn óðum og því eru skólaliðar á staðnum á skólatíma en ekki eftir að nemendur eru farnir úr skólanum. Umsjónarmaður fasteigna er líka á staðnum allan daginn og hægt að leita til hans með ýmis mál, hann opnar skólann í upphafi dags og lokar honum eftir að skóla lýkur. Það eru því töluverð samskipti sem eiga sér stað við þessa starfsmenn. Niðurstaða könnunarinnar var á þá leið að 75% nemenda töldu skólann hreinan eða í lagi og 96% sögðu að samskipti við

skólaliðana væru góð eða í lagi. Samskipti við umsjónarmann voru líka í 92% tilfella góð eða í lagi.

5.17. Námsráðgjöf

Gert er ráð fyrir að könnun meðal nemenda um þjónustu námsráðgjafa verði gerð reglulega, könnun var framkvæmd skólaárið 2020 -2021. Niðurstaða þeirrar könnunar sýndi að 68% nemenda nýta sér þjónustu námsráðgjafa á hverri önn eða oftar. 71% nemenda meta þjónustu þeirra mjög góða. Það er því ljóst að þjónusta náms- og starfsráðgjafa er vel metin og vel nýtt. Aðgengi að þeim er gott og nemendur hvattir til að leita til þeirra ef þeir þurfa aðstoð.

Eftirfarandi er úr ársskýrslu náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2020-2021:

Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar báðir í fullu starfi. Skrifstofur námsráðgjafa eru opnar frá kl. 8:10-16:00 alla daga og geta nemendur komið þegar þeim hentar og einnig geta þeir pantað tíma. Verkefni námsráðgjafa eru fjölbreytt og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Nemendur leita mikið til námsráðgjafa til að ræða námsframvindu og hvernig best sé að skipuleggja námið fram að námslokum. Persónuleg mál nemenda hafa verið fyrirferðamikill þáttur í starfi námsráðgjafa í gegnum tíðina og var þetta skólaár eins hvað það varðar. Veturinn var frekar þungur hvað varðar andlega líðan nemenda og aldrei fleiri hafa fengið tilvísun til sálfræðing eins og í ár. Skólinn hefur niðugreitt tvö sálfræðiviðtöl fyrir nemendur og fengu 89 nemendur úthlutað beiðnum þetta skólaárið en ekki er komið í ljós hvort allir hafi nýtt sér þjónustuna þar sem biðlistar eru langir.

Nokkur fjöldi nemenda sem ekki fengu inngöngu í skólann haustið 2021 sóttu um að nýju fyrir vorönn 2022. Ákveðið var að taka alla þá sem samþykktir voru af biðlista í einstaklingsviðtöl þar sem farið var yfir hagnýt atriði varðandi námið og skólann áður en kennsla hófst. Reyndist þetta mjög vel þar sem búið var að opna á þjónustu námsráðgjafa fyrir þessa nemendur sem koma inn á miðju skólaári og mun þetta verða vinnuregla á komandi önnum.

Námsráðgjafar eru enn þeirra skoðunar að þeir nemendur sem fara á samning hjá skólameistara vegna ástundunar og/eða námsárangurs sé sá hópur sem vert er að bjóða enn frekari aðstoð í formi eftirfylgni hjá námsráðgjöfum.

Sá hópur sem er námsráðgjöfum hugleikinn eru nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál eða búið hafa lengi erlendis og eiga þar af leiðandi erfðara með íslensku. Markmiðið er að mæta þessum nemendum með einum og öðrum hætti og finna lausnir. Þess má geta að einn þessara nemandi okkar tekur þátt í verkefninu Sprettur á vegum Háskóla Íslands en verkefnið gengur út á það að brúa bilið á milli framhaldsskóla og háskóla fyrir þessa nemendur og verður fróðlegt að fá að fylgjast með verkefninu.

Í INNU er nemandinn skráður með þá þjónustu sem hann þarfnast og hefur hver kennari þessar upplýsingar hjá sér. Skólaárið 2021-2022 höfðu 50 nemendur skilað inn greiningum til námsráðgjafa en það er forsenda fyrir því að geta sótt um sérúrræði í prófum.

Með þriggja anna kerfi hefur vægi símats aukist og lokaprófum fækkað verulega og umsýsla varðandi sérúrræðin því minnkað. Námsráðgjafar aðstoða einnig nemendur með sérúrræði á hlutaprófum sem tekin eru í kennslustofum og sú þjónusta hefur aukist til muna á kostnað sérúrræða á lokaprófum.

Í upphafi haustannar fóru námsráðgjafar í heimsókn í alla lífsleikni hópa hjá nýnemum þar sem þjónusta námsráðgjafa var kynnt og ýmis hagnýt atriði viðruð. Þá fóru námsráðgjafar inn í umsjónartíma þegar valið stóð yfir og aðstoðuðu umsjónarkennara sem það þáðu.

Á hverri önn er boðið upp á áfangann LÍFSINS01 fyrir nemendur sem stefna á útskrift. Námsráðgjafar sjá um þennan áfanga og þetta skólaár voru samtals 182 nemendur í áfanganum.

Námsráðgjafar sjá um kynningar á vegum skólans fyrir grunnskólanemendur og aðra sem eftir því óska. Þetta skólaár voru engar sameiginlegar hverfakynningar eins og oft áður en opið hús var haldið í FG og tókst sérstaklega vel og var afar vel sótt. Þar sem ekki allir komust á opið hús buðu námsráðgjafar upp á auka kynningu og var hún auglýst í öllum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og mættu um 120 nemendur. Námsráðgjafar fóru í heimsókn í Garðaskóla með kynningu fyrir nemendur að beiðni námsráðgjafa þar.

Námsráðgjafar skólans taka þátt í fjölbreyttri teymisvinnu innan skólans

Námsráðgjafar sóttu um styrk í Lýðheilsusjóð og fengu úthlutað 100.000 krónum í febrúar 2021. Styrkurinn er veittur til að vinna áfram með verkefnið „Að vera í takt og tilheyra“. Markmið þess er að efla vináttu og samkennd á meðal nemenda í FG. Námsráðgjafar hófu verkefnið í desember 2019 og á þessu skólaári var þráðurinn tekinn upp aftur eftir covid og að auki boðið upp á örnámskeið um kvíða að ósk nemenda og fenginn var sálfræðingur frá EMDR stofnunni til að sjá um það. Námskeiðið sóttu 20 nemendur.

Námsráðgjafar gera ýmislegt á hverju skólaári til að efla skólabraginn.

Starf námsráðgjafa er fjölbreytt og nemendur eru afar duglegir að nýta þjónustu þeirra og má segja að hver dagur sé fullnýttur í viðtöl og verkefni. Á bilinu 30-60 nemendur komu í viðtöl á hverjum degi. Námsráðgjafar munu leggja áherslu á að efla samstarf við aðra fagaðila til að auka vísýni í starfi og miðla og læra af reynslu annarra.

Nemendur í brotthvarfshættu

Eitt vandamál sem íslenskir framhaldsskólar standa frammi fyrir er brotthvarf nemenda frá námi. Margar ástæður liggja þar að baki en það ber að taka alvarlega ef nemandi finnur sig ekki í námi og leita þarf leiða til að finna viðeigandi úrræði fyrir viðkomandi. Ástæður brotthvarfs eru margar en ein þeirra er án nokkurs vafa ástundun nemandans og þá helst mætingar. Það er ljóst að nokkuð stór hluti nemendahópsins þarf mikið utanumhald og leiðsögn til að námið gangi sem best.

Á hverri önn eru alltaf einhverjir nemendur sem vilja skipta um skóla, taka hlé frá námi vegna ýmissa ástæðna og/eða fara í skiptinám. Þetta skólaárið voru það samtals 26 nemendur sem hættu á önn eftir úrsagnareindaga.. Á haustönn voru það sex nemendur, á miðönn þrettán og á vorönn sjö. Námsráðgjafar boða hvern og einn nemanda sem íhugar að segja sig frá námi í greiningarviðtal og aðstoðar viðkomandi við að finna lausn, hvort sem það er áframhaldandi skólavist, flutningur milli skóla eða leið út á vinnumarkað. Ef nemandi er yngri en 18 ára er haft samband við forráðamenn. Við lok vorannar höfðu þrír af þessum 26 nemendum snúið aftur í FG.

Eftirfarandi tafla sýnir hve margir hafa hætt í FG á önn 2014-2022 og það er ánægjulegt að sjá að þeim hefur frekað fækkað:

Brotthvarf dagskólanemenda í FG árin 2014–2022.

Ár	Vorönn %	Haustönn %	Miðönn%
2014	11/678=1,6%	18/766=2,3%	
2015	17/672=2,5%	11/725=1,5%	
2016	11/642=1,7%	11/736=1,5%	
2017	11/699=1,6%	13/722=1,8%	
2018	9/659=1,4%	9/725=1,2%	
2019	5/634=0,8%	7(2*)/722=1%	
2019-20			2*/652=0,3%

2020	1*/641=0,2%	2**/698=0,3%	
2020-21			13***/738=1,8%
2021		6/745= 0,8%	
2021-22			13/687=1,9%
2022	7/665=1,1%		

* viðkomandi komu aftur í skólann eftir eina til tvær annir.

** annar kom á næstu önn, hinn skipti um skóla; *** 3/13 komu aftur á vorönn.

Í stundatöflu FG eru smiðjutímar einu sinni á dag þar sem kennsla er óhefðbundin og meira einstaklingsmiðuð. Það er mismunandi hvernig kennara nota smiðjutímana og hvort um skyldumætingu er að ræða en í flestum tímum geta nemendur fengið meiri aðstoð en í hefðbundnum kennslutímum.

6. LOKAORÐ

Í úttektum mennta- og menningarmálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla eru ýmis atriði lögð til grundvallar sem viðmið. Við teljum þær aðferðir sem beitt er hér við sjálfsmatið uppfylla þessi atriði:

- **Formlegt.** Fyrir liggur sjálfsmatsáætlun þar sem skýrt kemur fram hverjir skipuleggja og framkvæma matið og hvað er skoðað hverju sinni.
- **Altækt.** Það nær til allra helstu þátta skólastarfsins enda mjög viðamikil. Nemendur, stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans koma með einum eða öðrum hætti að sjálfsmatinu. Yfirumsjón er í höndum gæðaráðs sem fundar vikulega.
- **Áreiðanlegt.** Upplýsingar eru teknar úr bókhaldi skólans, námsferilsskrá, fjarvistaskrá og fleiri tölulegum gögnum sem í raun eru prófuð á marga vegu.
- **Samstarfsmiðað.** Allir starfsmenn koma með einum eða öðrum hætti að sjálfsmatinu, verkaskipting er skýr svo og hver ber ábyrgð á hverjum matsþætti.
- **Umbótamiðað.** Markmið sjálfsmats er ekki aðeins að uppfylla lög heldur og að gera gott starf betra. Velferð og líðan allra sem hér vinna, bæði nemenda og starfsmanna er stór þáttur í sjálfsmati skólans. Ekki skal vanmeta hlutverk starfsmannafélags á svo stórum vinnustað. Á heimasíðu skólans eru birtar áætlanir um hvaðeina sem skiptir máli í sambandi við líðan þeirra sem hér vinna, s.s. eins og jafnréttisáætlun, áætlun um vörn gegn einelti, einnig er skólinn með starfsmannastefnu og umhverfisstefnu.
- **Árangursmiðað.** Skólinn setur sér ákveðin markmið sem farið er reglulega yfir í þeim tilgangi að athuga hvort markmiðum skólans hafi verið náð.
- **Stofnana- og einstaklingsmiðað.** Sjálfsmatið beinist bæði að stofnuninni sjálfri (þ.e. með því að skoða og efla námsárangur, kennsluhætti) og einstaklingum innan hennar (menntun kennara, vellíðan nemenda og starfsmanna).
- **Lýsandi og greinandi.** Sjálfsmatsskýrsla segir ekkert ef lýsing á starfseminni fylgir ekki og ef yfirsýningin vantar og ef menn missa sjónar á því hvað er vel gert og hvað má betur fara þá hefur slík skýrsla lítið vægi.
- **Opinber.** Skýrslan verður sett á vef skólans og uppfyllir þar með síðasta viðmið ráðuneytisins.

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ eins og lög gera ráð fyrir. Í svo viðamikilli starfsemi eins og starfsemi framhaldsskóla er nauðsynlegt að meðvitað sé fylgst með einstökum þáttum, þeir vegnir og metnir með það að leiðarljósi að gera enn betur. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að sífellt eru fleiri atriði sem áhugi er á að skoða. Sjálfsmatsferlið er orðið þróaðra, áætlun um sjálfsmat hverju sinni varðar veginn og reynt er að láta sem flesta í skólasamfélaginu koma að því. Skólaárið 2021 -2022 voru fastir liðir á sínum stað.

Skólinn er þátttakandi í verkefninu Grænum skrefum í ríkisrekstri (5 skref) og var 5. skrefið staðfest í janúar 2022. Skólinn hefur samgöngustefnu sem birt er á heimasíðu skólans og er hluti af umhverfisstefnunni. Loftslagsstefna FG var birt í lok árs og einnig varð til fræðslu- og aðgerðaráætlun í tengslum við hana.

Sú reynsla og þekking sem varð til á síðasta skólaári nýttist áfram þegar ákveðnar takmarkanir voru á skólastarfinu vegna Covid-19. Seinni hluti miðannar, eftir áramót, var kenndur að hluta í fjarnámi þ.e. 80 mín. tímar í bóklegum áföngum, vegna fjölda covid smita.

Sjálfsmatið kallar á mikla sjálfsskoðun í öllum námsgreinum, spurningar eins og: Hvers vegna kennum við þetta? Er þetta vænlegt til árangurs? Eru kröfur til nemenda sanngjarnar? koma fram og starfsmenn fara í gegnum slíkt ferli þvert á námsgreinar og jafnvel starfsheiti.

Öllum þeim sem tóku þátt í sjálfsmati skólans skólaárið 2021-22 með einum eða öðrum hætti er þakkað fyrir mikilvægt og gefandi starf í þágu Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Garðabæ, september 2022

Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari